LEIKIÐ Á ORÐ OG STEIN

Í tilefni af áttræðisafmæli listamannsins Gests Þorgrímssonar heldur Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsi sýningu á listaverkum hans. SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR fékk að hnýsast inn í hugarheim steinskáldsins.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Gestur Þorgrímsson

Leiðin frá innsta kjarna til ystu marka formsins fjarlægðin milli draums og veruleika tími ljóðsins og myndarinnar.

Þannig lýsir Gestur Þorgrímsson ferð sinni á vit steinsins, leitinni að kjarna hans og tjáningu. Ferð sem birtist okkur sem áreynslulaust form eftir að listamaðurinn hefur farið um hann höndum og huga sem er eitilharðari í baráttu sinni en nokkurn stein getur órað fyrir.

Í dag verður opnuð sýning á höggmyndum Gests í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Þar gefur að líta hans miklu steinverk, önnur en umhverfisverkin sem eiga sinn fasta samastað víðs vegar um höfuðborgarsvæðið – og víðar.

Sýningin er í tengslum við áttræðisafmæli Gests sem segja má að sé þekktur fyrir svo margt að ætla mætti að hann væri til í mörgum afritum. Hann er leirlistamaður, rithöfundur, kennari, útvarpsmaður, skemmtikraftur, ljóðskáld og myndhöggvari. Það er að sjálfsögðu myndhöggvarinn sem birtist okkur í verkunum í Hafnarhúsinu.

Eitt viðfangsefni – tvö hljóðfæri

Flest verkin á sýningunni eru unnin á árunum frá 1985 en um það leyti tók sköpunarkraftur Gests nýja stefnu. Það var þegar hann hitti grjótið. Og á leið sinni í gegnum harðan steininn notaði hann mýkt ljóðsins til að vísa sér veginn. Þegar hann er spurður hvers vegna hann stilli ávallt saman steinverki og ljóði svarar hann: „List er alltaf list, sama í hvaða formi hún er tjáð. Þótt ég stilli þessum tveimur formum saman þurfa þau ekkert að stela hvort frá öðru. Þetta er tilfinningaspil; sama viðfangsefnið, tvö hljóðfæri." Í tilefni af áttræðisafmælinu hafa börn Gests, Þorgrímur og Ragnheiður, ráðist í að skrifa bók um líf og starf föður síns, sérlega fallega bók, ríkulega myndskreytta, þar sem gefur að líta fjölbreytileikann sem einkennt hefur líf hans. „En verkin á sýningunni eru ekki valin í sambandi við bókina," segir hann, „ég hafði ekkert með valið á þeim að gera, en þau spanna langt tímabil, þó mest frá 1985 til 1996. Þó er eitt verk frá 1947."

Á vit steinsins

Það var rétt um miðjan 9. áratuginn sem Gestur tók sér frí frá kennslu í Kennaraháskólanum og fór til Finnlands til að dvelja í Sveaborg í fimm til sex mánuði. „Þar þurfti ég ekkert annað að gera en að horfa á grjótið í kringum mig og fara niður í fjöru að ná mér í steina til að höggva. Eftir þá dvöl sagði ég upp kennarastöðunni og ákvað að snúa mér alfarið að list steinsins.

Ég var kominn með svo góða aðstöðu til þess hérna fyrir utan húsið. Ég hef alltaf höggvið úti vegna þess að þessu fylgir svo mikið ryk." Þótt Gestur hafi verið einstaklega afkastamikill listamaður, kennari, skemmtikraftur, útvarpsmaður og ýmislegt fleira má segja að hann hafi alltaf verið að berjast við örlögin. Hann fékk berkla þegar hann var barn og eyddi mörgum árum á sjúkrahúsum. Það sem hann segir helst plaga sig núna er að hann er að missa sjónina. „Ég sit löngum stundum fyrir framan bókaskápinn sem hefur að geyma þúsundir orða, en ég get ekki lesið þær svo ég get sjálfur ráðið hvað stendur í þeim. Síðan les Rúna, konan mín, fyrir mig á kvöldin svo kannski hef ég ekki misst svo mikið." Gestur getur þó ennþá unnið við steininn – eða eins og hann segir sjálfur: „Ég get unnið við allt sem ég get þreifað á."

Gestur og Rúna – eitt nafn, tvö hljóðfæri

Og ort ljóð... „Já, en það er dálítið slæmt að yrkja þegar maður getur ekki skrifað og lesið. Ég fæ hins vegar aðstoð við það eins og annað. Þegar ég hef komið þessu saman fer ég með það fyrir Rúnu og síðan ræðum við ljóðin." Gestur og Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir) hafa verið gift frá árinu 1946. Þau hafa lengstum unnið saman, einkum öll þau ár sem þau ráku saman keramikverkstæði – auk þess sem þau hafa sameiginlega tekið að sér stærri verkefni; skreytingar innanhúss og utan. Þar fyrir utan var Gestur einn með sitt grjót og Rúna ein með sín málverk. Samvinna þeirra hefur verið svo náin að venjulega er talað um þau sem Gest og Rúnu eins og eina manneskju.

„Það má segja að listalega höfum við alist upp saman," segir Gestur, „það gerist meira að segja þegar fólk er að tala um eitthvað sem annað okkar hefur gert, að það segir „þið"." Þegar Gestur er spurður hvernig þau hafi farið að því að vera saman öllum stundum segir hann: „Ætli við séum ekki bara dálítið gæflynt fólk. Hvað varðar samvinnu okkar í listinni held ég að það hafi verið gott að við skyldum vera hvort á sínu sviðinu, ég í steininum, Rúna í málverkinu. Þegar við vorum í leirnum sá ég um formið og Rúna skreytti. Við höfðum alltaf verkskiptingu." Og bætir svo við, eins og honum er einum lagið: „Og þegar ég var úti að ralla, þá var hún heima að hugsa um börnin."

Bjartsýnn og þrjóskur

Keramikverkstæðið sem Gestur og Rúna voru þekktust fyrir lengi átti sér eiginlega tvö líf. Þegar þau komu heim frá námi í Danmörku í lok 5. áratugarins ákváðu þau að opna verkstæðið. Þau segjast ekkert hafa kunnað í keramik, aldrei einu sinni hafa komið inn á keramikverkstæði. „Það var svo mikið til af fallegu keramiki í Danmörku en ekkert hér, svo okkur fannst upplagt að ráðast í þetta." Auðvitað var hér hvorki til renniskífa né brennsluofn og ekki var leirinn fluttur til landsins. Gestur, maðurinn sem hafði aldrei komið inn á keramikverkstæði, ákvað að smíða bæði renniskífu og brennsluofn. Síðan fór hann um landið að leita að réttum leir og bjó síðan sjálfur til sinn glerung. Þegar hann er spurður hvernig honum hafi dottið þetta í hug segir hann: „Ég hef alltaf verið bjartsýnn og þrjóskur. Ég er líka ákaflega forvitinn. Þess vegna datt mér aldrei í hug að kaupa glerung. Það var eins með leirinn. Ég sá enga ástæðu til að flytja inn drullu þegar nóg var til af henni hér – en játa að það var auðvitað erfitt að finna góðan leir."

Leyndardómar steinsins

Svo var það steininn. Hvernig stendur á því að hann greip þig slíkum heljartökum?

„Steininn höfðaði fyrst og fremst til mín sem efni. Mér finnst hann svo leyndardómsfullur, kannski vegna þess hversu erfitt er að komast til botns í honum. Það er sérlega gaman að vinna útilistaverk úr honum vegna þess að hann tekur á sig svo breytilegar myndir þegar hann stendur úti í náttúrunni." Dæmi um eitt slíkt verk eftir Gest er „Votaberg", sem stendur fyrir framan barnaskólann í Hafnarfirði. Á sýningunni í Hafnarhúsinu verður sýnt myndbandsverk um Votabergið og þær ólíku myndir sem það tekur á sig eftir árstíðum. „Mér datt í hug að það væri alveg hægt að gera myndlistarband eins og þessi hljóðbönd sem er alltaf verið að drepa mann með." Hvað finnst þér hafa verið skemmtilegast þegar þú lítur yfir þín áttatíu ár? „Lífið," segir Gestur og bætir við eftir andartaks umhugsun: „Mér hefur aldrei leiðst. Ég hef heldur aldrei orðið fyrir neinu virkilegu áfalli. Það var að vísu áfall fyrir mig þegar sjóninni fór að hraka – en ég er ennþá dálítið góður að skrifa nafnið mitt inn í ramma og það er kominn rammi á næstum öll opinber skjöl. Þess vegna fattar enginn neitt þótt ég sjái ekki baun." En ekkert er svo með öllu illt að því fylgi ekki eitthvað gott. „Það hefur heldur gengið neitt við það að athuga þótt ég líti mjög nálægt fallegu kvenfólki."



Ef þú spyrð steininn þarftu að svara honum sjálfur. Og svar þitt verður eins og ljóðið, óhrætt og satt.

Svarta blómið, 1992, við ljóð Gests.


Lífshlaup steinskáldsins

STEINSNAR – Gestur Þorgrímsson myndhöggvari, er heitið á bók sem kemur út í dag í tilefni af áttræðisafmæli Gests. Bókin, sem er unnin af tveimur af börnum Gests, þeim Þorgrími og Ragnheiði, hefur að geyma ljósmyndir af verkum listamannsins, æviágrip hans og innskotstexta frá yngri listamönnum sem segja hann hafa verið sinn lærimeistara og velgjörðarmann.

„Upphaflega átti bókin að vera um þau verk sem eru á sýningunni sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag vegna þess að það hefur lengi staðið til að halda sýningu á þessu ári," segir Þorgrímur.

„Við vorum líka með fleiri en eina bók í huga," segir Ragnheiður, „en svo sáum við að það gæti verið skemmtilegra að setja líf hans og starf í eina bók." Fyrsti hluti bókarinnar fjallar um höggmyndir og ljóðin sem Gestur kallar sjálfur Steinljóð. „Flest af verkunum sem við birtum myndir af þar, völdum við vegna þess að þau eiga við ljóðin hans – auk þess sem steinninn er einkennandi fyrir föður okkar síðustu starfsárin. Hins vegar var af nógu að taka vegna þess að það er ekki hægt að eyða langri starfsævi í að höggva stein á Íslandi," segja þau Þorgrímur og Ragnheiður.

Annar hlutinn heitir „Samkomulag við stein" og þar ritar Auður Ólafsdóttir, listfræðingur og forstöðumaður Listasafns háskóla Íslands, um steinverk Gests. Í þriðja hlutanum er æviágrip sem Þorgrímur hefur skrifað, auk þess sem þar er birtur fjöldinn allur af myndum úr ævi listamannsins.



Morgunblaðið/Þorkell

Gestsbörn: Þorgrímur og Ragnheiður.

Sá hluti hefur einnig að geyma bréf frá konu hans, Rúnu, kafla úr skáldsögunni „Maður lifandi," sem Gestur skrifaði um 1960, auk þess sem börnin hans skrifa minningabrot þar. „Maður lifandi var byggð á ásku- og uppvaxtarárum föður okkar," segir Þorgrímur „og við byrjum ævisögukaflann í Steinsnari þar sem sú saga endar." En það hafa kannski ekki allir lesið Maður lifandi og því fróðlegt að fá að vita hvað það var sem mótaði listamanninn Gest Þorgrímsson.

„Hann varð veikur af berklum þegar hann var strákur og það breytti auðvitað öllum hans framtíðarhorfum. Hann dvaldi öll unglingsárin á sjúkrastofnunum þar sem hann komst í kynni við skáld og róttæklinga og umgekkst aðallega fullorðið fólk. Það mótaði lífssýn hans að verulegu leyti og hann hefur alla tíð verið óhræddur við að fara óhefðbundnar leiðir, finna út úr hlutunum sjálfur og verið mjög svo fordómalaus og opinn fyrir öllum nýjungum. Kannski vegna þess að hann fór svo lítið í skóla. Skólinn fékk aldrei tækifæri til að berja úr honum frumkvæðið og hugmyndaflugið.

Eins og vera ber með unga menn sem fengu berkla á þessum árum, ætlaði Gestur að verða skáld og það má segja að þeir framtíðardraumar hafi ræst á fleiri en einn veg."